

31. Urriðafossvirkjun¹

Virkjun við Urriðafoss verður 130 MW að afli og orkugeta virkjunarinnar um 980 GWh/ári. Inntakslón virkjunarinnar, Heiðarlón, verður myndað með stíflu í Þjórsá við Heiðartanga og stíflugörðum upp eftir vesturbakka árinna. Inntaksmannvirki verða í Heiðartanga og stöðvarhús neðanjarðar nærri Þjórsártúni. Frá stöðvarhúsinu munu liggja frárennslisgöng sem opnast út í Þjórsá nokkru neðan við Urriðafoss.

Yfirlitstafla

Vatnasvið og rennsli

Stærð vatnasviðs	7.600 km ²
Meðalrennsli	344 m ³ /sek
Virkjað rennsli	370 m ³ /sek
Lágmarksrennsli í farvegi	10 m ³ /sek

Mannvirki

Lónhæð	50 m y.s.
Lónstærð við þá hæð	9 km ²
Rúmmál lóns	17 Gl
Stíflur og garðar, lengd	7.600 m
Mesta hæð	11 m
Fyllingar í stíflu	700.000 m ³
Frárennslisgöng	3.000 m
Efni úr göngum og stöðvarhúsi	1.200.000 m ³

Orka og afl

Virkjað fall	40,6 m
Orkugeta	980 GWh/ári
Samtals afl hverfla (2 Kaplan)	130 MW

Kostnaður

Hagkvæmniflokkur	2
------------------	---

Urriðafossvirkjun er kynnt nánar á vefnum www.þjórsá.is og þar er hægt að nálgast matskýrsluna, úrskurð Skipulagsstofnunar, úrskurð umhverfisráðherra og fleiri skýrslur um framkvæmdina.

¹ Sjá nánar á vefsíðu: www.þjórsá.is

Tilhögun sem metin var í 1. áfanga Rammaáætlunar

